

Mánudaginn 20. júní 1966.

Nr. 44/1965. **Magnús Thorlacius**

(sjálfur).

gegn

Einari Braga Sigurðssyni og gagnsök

(sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ærumeiðingar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1965 og gert þessar dómkröfur:

Í *gagnsök*, að gagnsök verði vísað frá Hæstarétti og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Í *aðalsök*, að áminnzt blaðagrein ásamt fyrirsögn verði í heild dæmd dauð og ómerk, að gagnáfrýjanda verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. september 1963 til greiðsludags, að gagnáfrýjanda verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjálsri þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til aðaláfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara er krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. marz 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m., og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmd alger sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara hefur gagnáfrýjandi krafizt þess, að honum verði dæmt að greiða Slysavarnafélagi Íslands táknlaga smáupp-

hæð, t. d. kr. 500.00, og málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Um formhlið gagnsakar.

Aðaláfrýjandi styður kröfu sína um frávisun gagnsakar þeim rökum, að dómsmálaráðuneytið hafi farið út fyrir embættistakmörk sín, þá er það veitti gagnáfrýjanda leyfi til áfrýjunar málsins 15 mánuðum eftir uppsögu héraðsdóms, þótt skilyrði slíks leyfis samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 væru eigi fyrir hendi, þar sem gagnáfrýjanda hefði verið unnt að áfrýja fyrr. Það er vitað mál, að dómsmálaráðuneytið hefur verið sérstaklega örlátt á að veita áfrýjunarleyfi, þótt 9 mánaða fresturinn samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 væri liðinn. Hefur þetta leitt til þess, að málsaðiljar hafa dregið áfrýjun mála í trausti þess, að áfrýjunarleyfi fáiist. Tillaga hæstaréttardómara um breyting á reglunum um áfrýjunarleyfi hefur verið felld á Alþingi. Frávisun sakar frá Hæstarétti, vegna þess að skilyrði 4. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 séu eigi fyrir hendi, gæti þannig leitt til réttarspjalla. Að svo vöxnu máli þykir varhugavert að beita frávisun. Verður frávisunarkrafan því eigi til greina tekin.

Um efnishlið málsins.

Ummæli þau, sem gagnáfrýjanda eru gefin að sök í héraðsdómi, felast í blaðagrein, þar sem veitt er harðlega að lögfræðingastéttinni. Eru störf aðaláfrýjanda nefnd sem dæmi um ávirðingar stéttarinnar. Ummælin um störf aðaláfrýjanda eru röng og villandi og þungbærari fyrir þá sök, að gagnáfrýjandi telur þau einkennandi um lágt siðferðisstig stéttarinnar. Að þessu athuguðu þykir rétt að staðfesta héraðsdóminn um refsingu og ómerkingu og dæma gagnáfrýjanda samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940 til að greiða aðaláfrýjanda fébætur, sem ákveðast kr. 25.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. september 1963 til greiðsludags.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 ber að dæma gagnáfrýjanda til að birta „Niðurstöður“ og dómsorð héraðsdóms og svo forsendur og dómsorð Hæstaréttar í málinu, og

skal birting fara fram í fyrsta eða öðru tölublaði Frjálsrar Þjóðar, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu og ómerkingu ummæla eiga að vera óröskuð.

Gagnáfrýjandi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði aðaláfrýjanda, Magnúsi Thorlacius, kr. 25.000.00 í fébætur ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 7. september 1963 til greiðsludags.

Gagnáfrýjanda er skylt að birta „Niðurstöður“ og dómsorð héraðsdóms og svo forsendur og dómsorð Hæstaréttar í 1. eða 2. tölublaði Frjálsrar Þjóðar, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 22.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara um formhlið gagnsakar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. marz 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. marz 1966, útgefnu af dómsmálaráðherra með heimild í 4. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962.

Dómsmálaráðherra metur til hlítar skilyrði nefnds lagaþóðs fyrir veitingu áfrýjunarleyfis á þar greindum fresti. Ráðherra hefur ekki farið út fyrir valdmörk sín með veitingu áfrýjunarleyfis þess, sem getið var, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Áfrýjunarleyfinu verður því eigi hnekkt af dómstólum.

Samkvæmt þessu eru eigi efni til að sinna frávisunarkröfu aðaláfrýjanda.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur dómsatkvæði meira hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. desember 1964.

Mál þetta var tekið til dóms 3. desember s.l. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 5. október 1963, af Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni gegn Einari Braga Sigurðssyni rithöfundi, Bjarnarstíg 4 í Reykjavík. Tilefni málshöfðunarinnar er grein, sem birtist 7. september 1963 í blaðinu Frjálsri þjóð, en stefndi var þá ábyrgðarmaður þess. Rétt þykir að taka greinina í heild upp í dóm þennan, áður en sagt er frá dómkröfum aðilja. Blaðagreinin sjálf var leturbreytingalaus (með tveim undantekningum, eins og síðar greinir), en til að spara endurtekningar síðar eru hér gerðar leturbreytingar með tilliti til dómkrafna stefnanda. Greinin er þannig:

„Otur skrifar:

STAFAR ALMENNINGI HÆTTA AF LÖGFRÆÐINGUM?

Skömmu eftir að Frjáls þjóð kom út síðast, þar sem birt var kæra Ágústs Sigurðssonar út af viðskiptum hans við Jóhannes Lárusson hrl. og Búnaðarbankann, barst blaðinu eftirfarandi bréf:

„Herra ritstjóri.

Ég er yður mikið þakklátur fyrir þann manndóm sem þér hafið sýnt með því að taka að yður að róta uppi því braski og fjármálaspyllingu, sem allir vita að um lengri tíma hefur þróast og magnast ár frá ári innan lögfræðingastéttarinnar og í ýmsum tilfellum að því er virðist með vinsamlegri aðstoð ýmissa háttsettra manna í ríkisbönkunum.

Það er staðreynd að lögfræðingastétt okkar er stórspillt. Meiri hluti hinna yngri lögfræðinga lítur svo á, að lagakunnátta þeirra sé aðeins tæki til að komast sem best af í lífinu, til að afla sér tekna án tillits til heiðarleika og réttlætis í samskiptum við meðborgara sína.

Það hlýtur að vera eitthvað bogið við fræðslu þessarar stéttar í háskóla vorum, að þaðan skuli útskrifast jafnmargir menn og raun er á, sem hagnýta þekkingu sína til fjárdráttar og alls kyns klækjabragða í stað þess að standa á verði um heiðarleik og réttlæti í viðskiptum.

Glöggd dæmi þessa er meðferð lögfræðinga á Ágústi Sigurðssyni,

þar sem hann fátækur verkamaður er féflettur af tveim lögfræðingum um yfir 100 þúsund krónur.

Hvernig má það ske, að lögfræðingur sá, sem rekur skaðabótamálið fyrir Ágúst og vinnur það að fullu, skuli taka auk tildæmds málskostnaðar (sem honum ætti að nægja), allar bætarnar og meira til, þannig að Ágúst tapi fjárhagslega á að VINNA málið. Hér hlýtur að vera um að ræða fjártöku, sem enga stoð á i lögum.

Þá er það hlutur formanns lögfræðingafélagsins, sem tekur að sér milligöngu um að skila Ágústi hluta af afföllunum. Stöðu sinnar vegna og sem heiðarlegum manni bar honum vitanlega að krefja Jóhannes um fulla greiðslu til baka, en hóta honum ella brottrekstri úr lögmannafélaginu og málshöfðun fyrir verknadinn. Nei, hann leggur í raun og veru blessun sína yfir þennan dáindisverknað og hilmar yfir hann.

Ég vænti þess, að þér takið þennan hlut málsins vel í gegn í blaði yðar. Brýnið fyrir prófessorum lagadeildar að leggja stund á að kenna nemendum sínum almenna siðfræði ásamt lögfræðinni.

Allt sem þér gerið til að stinga á kýlunum í okkar spillaða þjóðfélagi fáíð þér þakkir fyrir frá þeim fáu heiðarlegu mönnum sem enn fyrirfinnast.

Vinsamlegast.

Lesandi blaðs yðar.“

Hér lýkur þessu athyglisverða og rösklega bréfi. Verður ekki sagt, að það sé vonum fyrr, að einhver rís upp til að vekja athygli á þeirri staðreynd, að það er engu líkara en að þeir ungu menn, sem Háskóli Íslands útskrifar og vígir gyðju réttvísinnar, séu sumir þegar frá byrjun staðráðnir í því að gerast meðlimir í eins konar bófafélagi, sem fávísu almennungi stendur ógn af.

Til blaðsins hafa komið mjög margir menn og konur, sem lent hafa í klóm lögfræðinga, sem blátt áfram hafa leikið sér að því að féfletta þetta fólk með svo lævislegum brögðum, að lítilli eða engri raunhæfri vörn varð við komið. Voru sögur þess í senn átakanlegar og ógnvekjandi, en þannig lagaðar að tilgangslítið eða tilgangslaust var að hreyfa málinu. Þegar þetta fólk hafði uppgötvað, að það hafði verið svikið og féflett af þeim lögfræðingi, sem það hafði upphaflega leitað til, og vildi leita annars lögfræðings til að rétta hlut sinn gagnvart hinum fyrri, voru svörin sem það fékk þau, að þetta væri nú stéttarbróðir og

því miður vildu nú lögfræðingar ógjarnan verða til þess að eyðileggja atvinnu og framtíð kollega sinna.

Jafnvel dómurum er engan veginn treystandi í þjóðfélagi okkar í dag. Í dómarasætum geta setið hinir verstu bógar, sem aðrir sekir lögfræðingar vita allt um og geta því með hótunum um uppljóstranir neytt til rangdæmis, eða eyðileggingar á upp-lögðu máli gegn lögfræðingi.

Það atriði í kæru Ágústs Sigurðssonar sem bréfitari vekur athygli á hér að framan, að lögfræðingur eða lögfræðingar hirða af honum allar skaðabætur og meira til, auk tildæmðs málskostnaðar í máli, sem hann vinnur að fullu, er aðeins eitt sýnishorn af því, hvernig sumir lögfræðingar nútímans leika sér með hrekklausu og varnarlitla skjólstæðinga sína.

Lögfræðingur sá, sem þetta mál vann fyrir Ágúst, er Magnús Thorlacius hrl. Kynni þá að vera nokkuð forvitnilegt að rifja það upp hér, að fyrir nokkrum árum skýrði þetta blað frá því, að sá hinn sami Magnús Thorlacius hrl. hafði að skjólstæðingi fráskilda konu Jóhannesar Jósefssonar á Hótel-Borg í skiptamálum út af Borginni. Fyrir sitt „starf“ í því máli setti hann upp mörg hundruð þúsundir króna. Konunni þótti nóg um og leitaði aðstoðar lögfræðinga. Loks fékkst Guðmundur Ingvi Sigurðsson til að taka að sér mál hennar gagnvart fyrri lögfræðingi hennar. En hann höfðaði ekki sakamál gegn „kollega“ sínum. Nei, hann rak málið fyrir stjórn lögmannafélagsins. Sá dómstóll lækkaði að vísu kröfu Magnúsar alla leið niður í 570 þúsund krónur, eftir því, sem löggiltur embættismaður hefur tjáð blaðinu.

Loks þykir blaðinu rétt að vekja athygli á því, að meðan þetta skuggalega ástand í lögfræðingastétt hefur þróast, hefur Bjarni Benediktsson verið dómsmálaráðherra lengst af.“

Eins og áður er getið, eru ekki leturbreytingar í greininni í Frjálsri þjóð. Þó eru fyrirsagnir með sérstöku letri og undirskriftin (Lesandi blaðs yðar) undir bréfið, sem birt er sem hluti af greininni, er með sérstöku letri. Orðið VINNA er eins og hér að ofan ritað með upphafsstöfum í blaðinu.

Dómkröfur:

Stefnandi, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, gerir í máli þessu eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega,

að áminnzt blaðagrein ásamt fyrirsögn verði í heild dæmd dauð og ómerk,

að Einari Braga Sigurðssyni verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, sem lög standa til,

að honum verði dæmt að greiða stefnanda kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. september 1963 til greiðsludags,

að honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjálsri þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda,

að honum verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að mati bæjarþingsins.

Til vara,

að þau ummæli, sem hér að framan eru með breyttu lettri, verði dæmd ómerk.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson rithöfundur, gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega,

að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda,

að stefnandi verði víttur fyrir „ólögmannslegan munnsöfnuð og ástæðulaus gífuryrði jafnt í stefnu sem greinargerð,“

að stefnda verði tildæmdur málskostnaður.

Til vara,

að stefndi verði sýknaður af hvers konar bótakröfum stefnanda,

að stefnda verði tildæmdur málskostnaður.

Í greinargerð sinni krafðist stefndi frávísunar málsins. Með úrskurði, sem upp var kveðinn 30. desember 1963, var þeirri kröfu hafnað. Stefndi gerði enn frávísunarkröfu 2. október s.l., en henni var hafnað með úrskurði 15. sama mánaðar.

Málavextir:

Grein sú, sem varð tilefni þessarar málsóknar, hefur verið tekin upp í heild hér að framan. Um þau atriði, sem um ræðir í greininni, hefur þetta komið fram:

Hinn 31. ágúst 1963 birtist í Frjálsri þjóð grein eftir Ágúst Sigurðsson, Drápuhlíð 48 í Reykjavík. Nefndist greinin *Féflattu á refsiverðan hátt*. Verður af henni ráðið, að hér er um að ræða kæru til yfirsakadómarans í Reykjavík. Greinin hefst þannig:

„Með afsali 15. sept. 1958 keypti ég rishæð hússins nr. 48 við Drápuhlíð og seldi samtímis braggaíbúð mína nr. 7 við Bústaðaveg.

Út af viðskiptum þessum risu mikil málaferli, aðallega vegna leyndra galla, er reyndust vera á rishæðinni. Með hæstaréttar-

dómi frá 14. maí 1962 voru mér dæmdar bætur fyrir þá, kr. 35720.00, ásamt vöxtum og 15 þúsund krónum í málskostnað. Nam þetta samtals 61 þúsund krónum.

Dýr málarekstur.

Kostnaður minn vegna málarekstursins varð hins vegar 64 þúsund krónur, svo að ég tapaði á þessu 3000 krónum auk allrar fyrirhafnar minnar og skapraunar í rúm þrjú ár. Hinir leyndu gallar í risibúðinni voru aðallega fölgirnir í óforsvaranlegri einangrun hennar svo að nær óbúandi var í henni vegna kulda. Varð ég þó að hafa þetta lengi svo búið, þar eð mig skorti alveg fé til aðgerðar og nægilegt bankalán var hvergi að fá.“

Síðan er í greininni sagt frá á þá leið, að Ágúst hafi neyðzt til að taka lán með miklum afföllum. Varðar sá hluti greinarnnar ekki þetta mál og verður því ekki rakinn hér.

Nánari skýringar hafa komið fram af hálfu stefnda á því, hvernig fundinn er sá kostnaður, sem Ágúst kveðst hafa haft af málarekstri sínum. Voru þær skýringar fram bornar í framhaldi af skýrslu stefnanda um málavexti, og þykir gleggzt að víkja næst að henni. Segir á þessa leið í greinargerð stefnanda:

„Það er upphaf viðskipta okkar Ágústs Sigurðssonar frá Snældubeinsstöðum í Reykholtssdal, að hann kom til mín með bréf borgardómara, dags. 11. marz 1960, þar sem honum var tilkynnt, að bæjarþingsmál Reykjavíkur nr. 238/1959: Ágúst Sigurðsson gegn Olgu Halldórsdóttur, Hafsteini Halldórssyni og Agli Skúla Ingibergssyni, yrði fellt niður á bæjarþingi 24. marz 1960, ef hann sækti ekki þing eða einhver fyrir hans hönd. Til efni þessarar undarlegu tilkynningar var, að lögmaður Ágústs hafði neyðzt til að segja upp umboði til flutnings málsins, þar sem hann hafði margsinnis frá Ágústs hendi sætt aðfinnslu og að lokum beinum aðdróttunum um sviksemi í sambandi við rekstur málsins. Áður hafði slitnað upp úr milli Ágústs og annars lögmanns, er annazt hafði undirbúning málsins. Ágúst kom til mín í vandræðum þessum og bað mig um að taka að mér að flytja málið. Ég kvaðst þurfa að athuga málið, áður en ég gæti svarað beiðni hans. Að lokinni athugun tók ég að mér flutning þess.

Þann 25. okt. 1960 höfðaði Egill Skúli Ingibergsson verkfræðingur mál gegn Ágústi. Ágúst fól mér að verja það mál.

Í fyrrnefnda málinu hafði Ágúst gert kröfu á hendur Olgu Halldórsdóttur, Hafsteini Halldórssyni og Agli Skúla Ingibergssyni til greiðslu á skaðabótum út af byggingargalla á rishæð húseignarinnar nr. 48 við Drápuhlíð, að fjárhæð kr. 50.000.00 auk

vaxta og málskostnaðar. Ég fékk Ágúst til að lækka kröfu sína niður í kr. 41.320.00 með 6% ársvöxtum frá 15. sept 1958 til 22. febr. 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar, þar á meðal matskostnaðar, að skaðlausu.

Ég vann þetta mál á bæjarþingi Reykjavíkur að fullu, því að kröfur þessar voru teknar til greina auk kr. 12.100.00 í málskostnað.

Olga Halldórsdóttir, Hafsteinn Halldórsson og Egill Skúli Ingibergsson áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar, og fól Ágúst mér að flytja málið þar. En þar tapaði ég málinu að nokkru leyti, því að skaðabótakrafa Ágústs var lækkuð niður í kr. 35.720.00 með 6% ársvöxtum frá 16. sept. 1958 til 22. febr. 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. dec. 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað. Þessi fjárhæð málskostnaðar samanborin við málskostnaðarákvæði héraðsdóms sýnir það, að málskostnaður var felldur niður að nokkru leyti.

Í síðarnefnda málinu gerði Egill Skúli Ingibergsson kröfu á hendur Ágústi til greiðslu á skaðabótum út af heimildargalla á bragganum á Bústaðahverfi 7, að fjárhæð kr. 35.200.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júlí 1958 til 22. febr. 1960 og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Ég tapaði þessu máli á bæjarþingi Reykjavíkur, því að úrslit málsins urðu þau, að Ágústi var dæmt að greiða Agli Skúla Ingibergssyni kr. 32.000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. júlí 1958 til 22. febr. 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. dec. 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 7.800.00 í málskostnað. Ágúst áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar og fól mér að flytja það þar. Þar vann ég málið, því að Ágúst var algerlega sýknaður af kröfum Egils Skúla Ingibergssonar, en málskostnaður var felldur niður. En það merkir, að hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu.

Svo er stundum til orða tekið í fornbókmenntum Íslendinga: „ok ló víða frá“. Þau orð þykja hafa sannast áttakanlega á Ágústi Sigurðssyni og fjórða lögmanni hans. Í kæru Ágústs, saminni af Páli Magnússyni héraðsdómslögmanni, er mjög hallað réttu máli.

Í kærinni er sagt, að Ágúst hafi keypt rishæð Drápuhlíðar 48 15. sept. og selt samtímis braggaíbúð sína Bústaðahverfi 7. Þetta er ekki rétt. Afsal um braggaíbúðina er gefið út 15. júlí 1958.

Í kærinni er sagt, að út af viðskiptum þessum hafi risið mik-

il málaferli, aðallega vegna leyndra galla á rishæðinni. Hér er ekki sagður nema hálfur sannleikur. Talað er um málið, er Ágúst höfðaði út af byggingargöllum á Drápuhlíð 48, en þagað um málið, er gegn Ágústi var höfðað út af heimildargalla á Bústaðahverfi 7.

Í kærinni er sagt, að kostnaður Ágústs af málarekstrinum hafi orðið kr. 64.000.00. Í átalinni blaðagrein er gefið í skyn, að þetta fé hafi runnið í minn vasa. Allt er þetta ósatt. Ég hef sett upp fyrir fjóra málflutninga kr. 24.000.00. Útlögð gjöld í báðum málunum í héraði og fyrir Hæstarétti námu kr. 20.297.10.

Í kærinni er sagt, að Ágúst hafi tapað „á þessu“ 3.000 krónum. Þetta er ósatt. Þann 3. júlí 1962 borgaði ég Ágústi kr. 35.000.00. Þar að auki slapp hann við greiðslu á kr. 51.838.55, þegar dómi bæjarþings Reykjavíkur var hrundið með hæstaréttardómi 27. maí 1963. En um þann dóm þegja þeir Ágúst og núverandi lögmaður hans, Páll Magnússon héraðsdómslögmaður.

Ég hef nú sýnt fram á, hvað er hið sanna í því, er að mér snýr í þessari kæru þeirra félaga Ágústs og Páls. Um leið er sannað, að allt málæðið í greininni: „Stafar almenningi hætta af lögfræðingum?“ er fleipur eitt, álygar og atvinnurógur.“

Sem fyrr segir hafa í máli þessu komið fram ýmsar upplýsingar um kostnað af þeim tveim dómsmálum, sem Ágúst Sigurðsson var aðili að og að framan eru nefnd. Skv. gögnum, sem stefnandi hefur lagt fram, hefur hann sett upp fyrir að flytja mál þessi bæði í héraði og fyrir Hæstarétt, þ. e. fjórum sinnum alls, kr. 24.000.00. Þá hefur stefnandi lagt út vegna málanna skv. gögnum frá honum kr. 20.297.00. Er þetta áður fram komið. Hefur stefnandi því alls fært Ágústi til skuldar kr. 44.297.10. Ekki deila aðiljar þessa máls um þessa tölu og ekki heldur um, að stofnað hafi verið til eftirfarandi kostnaðar að auki:

Vegna undirmats á rishæð	kr. 2.400.00
— yfirmats á rishæð	— 3.000.00
Eldri málskostnaður	— 1.222.00

Kr. 6.622.00

Er því ekki ágreiningur um kostnaðarliði, sem eru samtals að fjárhæð kr. 50.919.10. Þess er hins vegar getið, að af þessari fjárhæð skuldar Ágúst Sigurðsson stefnanda kr. 3.502.72 og öðrum lögmanni kr. 772.00 skv. gögnum þeim, er liggja í málinu.

Stefndi heldur því fram, að kostnaður vegna þessara tveggja

dómsmála Ágústs Sigurðssonar hafi verið meiri og nemi það a. m. k. þessum fjárhæðum:

Eldra lögmannskaup	kr. 1.000.00
Vaxtatap	— 3.500.00
Eigin fyrirhöfn og vinnutap	— 1.800.00
Bílkostnaður	— 500.00
Óviss útgjöld	— 1.000.00

Kr. 7.800.00

Stefnandi mótmælir þessum liðum. Stefnandi ber fyrir sig frá-sögn Ágústs Sigurðssonar varðandi eldra lögmannskaup, en hefur sjálfur áætlað aðra liði og gert nánari grein fyrir þeirri áætlun.

Ef kr. 7.800.00 eru lagðar við kr. 50.919.10, kemur út talan kr. 58.719.10. Heldur stefndi því fram, að Ágúst Sigurðsson hafi haft þann kostnað, a. m. k. „vegna málarekstursins“. (Við flutning málsins byggði stefndi á tölunni kr. 59.169.10, en gerðar hafa verið tvær óumdeilanlegar leiðréttingar, sem ekki þykir þurfa að gera hér sérstaka grein fyrir).

Í máli þessu hefur bæði í skjölum og við málflutning verið gerð nokkur grein fyrir viðskiptum stefnanda og frú Karólínu Guðlaugsdóttur, Fornhaga 17 í Reykjavík. Stefnandi máls þessa var lögmaður frúarinnar á árunum 1958—1960, er hún átti í deilum við páverandi eiginmann sinn, Jóhannes Jósefsson gisti-hússtjóra. Frú Karólína höfðaði mál gegn Jóhannesi vegna ákvörðunar hans um að selja Hótel Borg í Reykjavík án hennar samþykkis. Vann stefnandi að máli þessu og flutti það bæði í héraði og Hæstarétti. Þá höfðaði frú Karólína annað mál vegna þess, að maður hennar hafði án hennar samþykkis afsalað þremur öðrum fasteignum. Það mál var hafið, eftir að dómur gekk um sölu Hótel Borgar, en stefnandi hafði þá unnið að málinu um nokkurt skeið. Loks var stefnandi umboðsmaður frú Karólínu við skipti á búi þeirra Jóhannesar Jósefssonar, en því var skipt opinberum skiptum. Voru eignir þess alls rúmar 19 milljónir króna.

Eftir að störfum stefnanda í þágu frú Karólínu Guðlaugsdóttur lauk, varð ágreiningur um lögmannskaup stefnanda. Lagði stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurð á málið skv. 8. grein laga um málflytjendur nr. 61/1942. Úrskurði stjórnarinnar skaut stefnandi til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 31. janúar 1962.

Fyrir stjórn Lögmannafélagsins var þess krafizt af hálfu frú Karólínu, sem bar málið undir stjórnina, að þóknun stefn-

anda fyrir störf hans yrði ákveðin kr. 147.611.19 eða önnur fjárhæð eftir mati stjórnarinnar. Stefnandi gerði þá kröfu, að endurgjald hans yrði ákveðið kr. 799.589.50, en til vara, að það yrði ákveðið kr. 728.922.83. Fyrir Hæstarétti gerði stefnandi þessar sömu kröfur, en af hálfu frú Karólínu var krafizt staðfestingar á úrskurði stjórnar Lögmannafélagsins. Niðurstaða stjórnarinnar og Hæstaréttar varð sú, að lögmannskaup stefnanda skyldi vera kr. 502.087.00.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi heldur því fram, að í greininni í Frjálsri þjóð 7. september 1963 sé „hrúgað saman ærumeiðingum og svívirðingum“ um sig og honum berum orðum brigzlað um glæpi. Um leið sé lögfræðingastéttin í heild borin æruleysissökum. Allt sé þetta ósatt og með öllu tilefnislaust. Verði að telja blaðagreinina fleipur eitt, álygar og atvinnuróg. Telur stefnandi stefnda hafa gerzt sekan um brot gegn 234., 235. og 236 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Áður er rakin skýrsla stefnanda um viðskipti þeirra Ágústs Sigurðssonar. Koma málsástæður stefnanda, að því er varðar ummæli Frjálsrar þjóðar um þessi viðskipti, fram í því, er tekið var upp úr greinargerð stefnanda hér að framan.

Varðandi blaðaummælin um viðskipti þeirra frú Karólínu Guðlaugsdóttur, heldur stefnandi því fram, að þau feli í sér róg og dylgjur um refsivert athæfi. Engu slíku hafi verið til að dreifa. Þeim frú Karólínu hafi báðum verið frjálst að láta rétta aðilja meta endurgjaldið fyrir lögmannsstörfin, en slíkt mat sé oft erfitt, m. a. vegna ónákvæmni lágmarksgjaldskrár Lögmannafélags Íslands.

Ómerkingarkröfu sína styður stefnandi með því að vitna til 241. greinar almennra hegningarlaga. Kröfu sína um skaða- og miskabætur byggir hann á 264. grein sömu laga og kröfuna um birtingu dóms í málinu á 22. grein laga um prentrétt nr. 57/1956.

Eins og fyrr segir, krefst stefndi sýknu. Hefur hann skipt blaðagrein þeirri, sem leiddi til máls þessa, í þrjá hluta, er hann hefur fært rök fyrir kröfu sinni. Í fyrsta hlutanum kveður hann vera 147 línur af 206 línur greinarinnar. Er þar um að ræða höfundarnafn, fyrirsögn og meginmál greinarinnar, allt að undanskildum þremur málsgreinum, þeim er hefjast á orðunum: „Hvernig má það ske ...“, „Það atriði í kæru Ágústs ...“ og „Lögfræðingur sá ...“ Stefndi heldur því fram um þessar 147

línur, að efni þeirra sé stefnanda óviðkomandi, ekki sé þar að honum sérstaklega vikið og geti hann því þeirra vegna hvorki gert kröfu um ómerkingu né annað. Sérstaklega mótmælir stefndi því, að við stefnanda sé átt í málsgrein þeirri, sem hefst á orðunum: „Glöggð dæmi þess . . .“. Hafi Ágúst Sigurðsson skýrt svo frá í kærú þeirri, sem birt var í Frjálsri þjóð 31. ágúst 1963, að lögfræðingur hafi tekið af honum kr. 65.000.00 í afföll af víxilláni. Með vöxtum og kostnaði hefði þessi fjárhæð orðið meiri en 100.000.00 kr. Þá hafi það verið á margra manna vitorði, að annar lögfræðingur var við málið bendlaður og hafi hvorugur þessara manna verið stefnandi.

Annar hluti greinarinnar er tvær málsgreinar, og eru upphafsorð þeirra: „Hvernig má það ske . . .“ og „Það atriði í kærú Ágústs . . .“. Stefndi heldur því fram, að ummæli í þessum málsgreinum hafi ekki orkað tvímælis frá sjónarhóli þess, er greinina samdi. Tilefni hafi verið ummæli Ágústs Sigurðssonar í kærinni, sem Frjáls þjóð birti 31. ágúst. Eru ummælin tekin upp framar í þessum dómi. Erfitt hafi verið að skilja þessi ummæli með öðrum hætti en þeim, að lögmaður Ágústs hafi tekið 64.000.00 kr. í ómakslaun, þótt síðar hefði komið fram, að Ágúst ætti við annað. Vegna misskilnings hafi greinarhöfundur orðið á óviljaverk. Þess sé þó að geta, að raunverulegur kostnaður Ágústs Sigurðssonar „vegna málarekstursins“ fari mjög nærri því, sem í kærinni segir. Er áður rakið það, sem fram er komið um kostnaðinn. Heldur stefndi því fram, að ekki sé hægt að áfella blaðmann fyrir að byggja á orðum kærinnar og að blöskrun greinarhöfundar yfir kostnaðinum hafi verið eðlileg. Þá hafi og verið rætt í einu um allan málarekstur milli Ágústs Sigurðssonar og þeirra, er átt höfðu fasteignakaup við hann, enda það eðlilegt og ekki ástæða til annars, þó að út af viðskiptum þessum hafi verið rekin tvö dómsmál. Telur stefndi þau atriði, sem nú hafa verið rakin, fram til stuðnings sýknukröfu sinni, að því er varðar þær tvær málsgreinar í margnefndri blaðagrein, sem að framan eru nefndar.

Þriðji hluti greinarinnar er ein málsgrein, hin næstsíðasta, og hefst hún með orðunum: „Lögfræðingur sá . . .“. Stefndi heldur því fram, að af vangá hafi verið nefnd skókk tala, „570 þúsund“ í stað 502.087.00, en með því hafi hlutur stefnanda verið gerður betri en efni hafi staðið til. Stefndi heldur því fram, að hér sé að öðru leyti aðeins um að ræða hófsama endursögn staðreynda. Hafi ekkert verið eðlilegra en að minnzt væri á þessar staðreynd-

ir í sambandi við kærú Ágústú Sigurðssonar og frásögn hans þar um viðskipti þeirra stefnanda. Eru þessi atriði færð fram til stuðnings sýknukröfu stefnda, að því er varðar áður nefnda málsgrein.

Krafa stefnda um sýknu af bótakröfum stefnanda er studd þeim rökum, að ummælin í blaðagrein þeirri, sem málið er af risið, séu ekki til þess fallin að baka stefnanda tjón, enda hafi hann hvorki sannað né gert sennilegt, að hann hafi orðið fyrir slíku tjóni.

Niðurstaða:

Grein sú, sem varð tilefni þessa máls, birtist, sem fyrr segir, í blaðinu Frjálsri þjóð 7. september 1936. Höfundur greinarinnar er nefndur Otur, og fyrirsögn hennar er: „STAFAR ALMENN-INGI HÆTTA AF LÖGFRÆÐINGUM?“ Í greininni er minnt á, að blaðið hafi, þegar það kom síðast út, birt kærú Ágústú Sigurðssonar út af viðskiptum hans við Jóhannes Lárusson og Bún-aðarbanka Íslands. Hafi blaðinu skömmu síðar borizt bréf, og er bréfið tekið upp í greinina. Bréf þetta er undirritað með orð-unum „Lesandi blaðs yðar“. Í því er vikið að „því braski og fjár-málaspillingu, sem allir vita að um lengri tíma hefur þróast og magnast ár frá ári innan lögfræðingastéttarinnar“. „Það er stað-reynd“ segir síðar í bréfinu „að lögfræðingastétt okkar er stór-spillt“. Í framhaldi af ummælum um þetta efni segir síðan:

„Glöggð dæmi þessa er meðferð lögfræðinga á Ágústi Sigurðs-syni, þar sem hann fátækur verkamaður er féflettur af tveim lögfræðingum um yfir 100 þúsund krónur.

Hvernig má það ske, að lögfræðingur sá, sem rekur skaðabóta-málið fyrir Ágúst og vinnur það að fullu, skuli taka auk til-dæmds málskostnaðar (sem honum ætti að nægja), allar bæt-urnar og meira til, þannig að Ágúst tapi fjárhagslega á að VINNA málið. Hér hlýtur að vera um að ræða fjártöku, sem enga stoð á í lögum“.

Bréfið heldur áfram, og síðan taka við hugleiðingar greinar-höfundar um efni þess. Þar segir m. a.:

„Til blaðsins hafa komið mjög margir menn og konur, sem lent hafa í klóm lögfræðinga, sem blátt áfram hafa leikið sér að því að féfletta þetta fólk með svo lævíslegum brögðum, að tilli eða engri raunhæfri vörn var við komið.“

Nokkru síðar í greininni standa þessi orð í framhaldi af ásök-unum í garð lögfræðingastéttarinnar:

„Það atriði í kærú Ágústú Sigurðssonar sem bréfitari vekur

athygli á hér að framan, að lögfræðingur eða lögfræðingar hirða af honum allar skaðabætur og meira til, auk tildæmðs málskostnaðar í máli, sem hann vinnur að fullu, er aðeins eitt sýnishorn af því, hvernig sumir lögfræðingar nútímans leika sér með hrekklausu og varnarlitla skjólstæðinga sína.

Lögfræðingur sá, sem þetta mál vann fyrir Ágúst, er Magnús Thorlacius hrl. Kynni þá að vera nokkuð forvitnilegt að rifja það upp hér, að fyrir nokkrum árum skýrði þetta blað frá því, að sá hinn sami Magnús Thorlacius hrl. hafði að skjólstæðingi fráskilda konu Jóhannesar Jósefssonar á Hótel Borg í skiptamálum út af Borginni. Fyrir sitt „starf“ í því máli setti hann upp mörg hundruð þúsundir króna. Konunni þótti nóg um og leitaði aðstoðar lögfræðinga. Loks fékkst Guðmundur Ingvi Sigurðsson til að taka að sér mál hennar gagnvart fyrri lögfræðingi hennar. En hann höfðaði ekki sakamál gegn „kollega“ sínum. Nei, hann rak málið fyrir stjórn lögmannafélagsins. Sá dómstóll lækkaði að visu kröfu Magnúsar alla leið niður í 570 þúsund krónur, eftir því, sem löggiltur embættismaður hefur tjáð blaðinu.“

Stefnandi máls þessa, Magnús Thorlacius hrl., var á sínum tíma lögmaður Ágústs Sigurðssonar, Drápuhlíð 48 í Reykjavík. Fluttu hann fyrir hann bæði í héraði og fyrir Hæstarétti mál, sem Ágúst höfðaði gegn þremur mönnum, er selt höfðu honum íbúð. Í héraði voru menn þessir dæmdir til að greiða Ágústi kr. 41.320.00 auk vaxta og kr. 12.100.00 í málskostnað. Í Hæstarétti urðu úrslit málsins þau, að Ágúst skyldi fá kr. 35.720.00 auk vaxta og kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Er ljóst, að Ágústi var sjálfum ætlað að bera málskostnaðinn að hluta. Þegar dómkrafa þessi var greidd til stefnanda f. h. Ágústs, var hún með vöxtum og innheimtukostnaði kr. 61.094.38.

Þá flutti stefnandi annað mál fyrir Ágúst Sigurðsson, og voru aðiljar þess hinir sömu og í áðurgreindu máli. Ágúst var varnaradili í héraði, og var hann krafinn um skaðabætur vegna bragga nokkurs, sem hann hafði selt. Í héraði var Ágústi gert að greiða kr. 32.000.00 auk vaxta og kr. 7.800.00 í málskostnað. Ágúst var hins vegar sýknaður í Hæstarétti, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti var látinn niður falla.

Það er fram komið í máli þessu, að stefnandi, Magnús Thorlacius hrl., hefur sett upp kr. 24.000.00 fyrir að flytja þessi tvö mál bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Ummæli þau um viðskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar, sem birtust í Frjálsri þjóð 7. september 1963, eru því ekki rétt. Stefnandi tók ekki

„auk tildæmds málskostnaðar allar bæturnar og meira til“. Þá er þess ekki getið í blaðinu, að stefnandi flutti tvö mál fyrir Ágúst Sigurðsson, og ekki er heldur nægilega glögglega greint frá úrslitum þeirra til að fá megi rétta mynd af atvikum. Er hlutur stefnanda gerður verri en rétt er.

Um einstakar málsgreinar í blaðagreininni, þær er varða viðskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar, er þetta að segja:

Málsgrein sú, sem hefst á orðunum: „Glöggd dæmi þessa“, varð eftir stöðu sinni í greininni og með tilliti til þess, er blaðið hafði áður birt um mál Ágústs Sigurðssonar, ekki skilin með öðrum hætti en þeim, að annar þeirra manna, sem um er rætt, hafi verið stefnandi. Þar sem talað er um, að féfletting hafi átt sér stað og hún tekin sem dæmi um alvarlega spillingu stéttar stefnanda, felst í ummælunum í þessari málsgrein aðdróttun í garð stefnanda, sem er refsiverð eftir 235. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber og eftir 241. grein sömu laga að dæma ummælin í þessari málsgrein ómerk, að því er stefnanda varðar.

Í málsgreininni, sem hefst á orðunum: „Hvernig má það ske“, felst einnig aðdróttun í garð stefnanda, refsiverð skv. 235. grein almennra hegningarlaga. Ummælin ber að ómerkja eftir 241. grein sömu laga frá orðunum „...lögfræðingur sá...“ og til loka málsgreinarinnar.

Í málsgrein þeirri, sem hefst með orðunum: „Það atriði í kæru Ágústs Sigurðssonar...“, stendur, sem fyrr segir: „...lögfræðingur eða lögfræðingar hirða af honum allar skaðabæturnar eða meira til...“. Orðin „eða lögfræðingar“ gefa til kynna, að fleiri lögmenn kunni að hafa komið við sögu í þeim málarekstri, sem Ágúst Sigurðsson átti í vegna áðurnefndra húsakaupa. Svo var og, þar sem tveir lögmenn munu hafa verið Ágústi til aðstoðar, áður en hann leitaði til stefnanda. Stefndi í máli þessu skýrir svo frá, að Ágúst hafi tjáð sér, að hinn fyrri þessara lögmanna hafi tekið 1.000.00 krónur fyrir aðstoð sína, en því er mótmælt af stefnanda. Ekki verður séð, enda ekki haldið fram, að sá lögmaður, sem Ágúst leitaði næst til, hafi tekið af honum lögmanna kaup. Virðist Ágúst Sigurðsson því í mesta lagi hafa verið krafinn um kr. 25.000.00 í lögmanna kaup. Er því ekki rétt með farið í þeirri málsgrein, sem hér er til athugunar. Þá er þess enn fremur að geta, að ekki er á öðrum stað í greininni í Frjálsri Þjóð 7. september 1963 að því vikið, að fleiri lögmenn hafi átt hér hlut að máli, og frásögnin í málsgreininni er sett fram sem endurtekn-

ing þess, sem áður hefur verið sagt um stefnanda. Felst því í henni aðdróttun í garð stefnanda, sem refsiverð er skv. 235. grein almennra hegningarlaga. Ber og skv. 241. grein sömu laga að ómerkja ummæli málgreinarinnar frá orðunum: „... lögfræðingur eða lögfræðingar ...“ og til loka málgreinarinnar.

Í málinu er komið fram, að kostnaður Ágústs Sigurðssonar af þeim tveimur dómsmálum, sem áður eru nefnd, hafi, svo að vitað sé með vissu, numið kr. 51.019.10. Stefndi vill þó telja, að kostnaðurinn hafi verið um kr. 59.000.00, sem fyrr segir, og byggir það m. a. á áætlunum sínum um vaxtatap og eigin fyrirhöfn Ágústs. Kostnaður Ágústs, annar en lögmannskaupið, var matskostnaður, kostnaður við fjölritun o. fl. Kr. 20.297.10 af þessum kostnaði lagði stefnandi út og færði Ágústi til skuldar á reikningi hans. Skv. skjölum frá stefnanda skuldar Ágúst honum enn kr. 3.502.72. Í þeim ummælum, sem hér að framan hafa verið talin refsiverð, er ekki rætt um heildarkostnað Ágústs Sigurðssonar af þeim tveim dómsmálum, sem um er að ræða, heldur um það, sem stefnandi á að hafa tekið fyrir starf sitt í þágu Ágústs. Verður þetta ráðið af því, að notuð eru orðin „féflettur“, „taka“ og „hirða“, sem eftir almennri málvenju mundu ekki hafa verið notuð, ef höfundur blaðgreinarinnar hefði viljað ræða um allan kostnað Ágústs vegna málarekstrar hans. Ekki hefðu þau heldur verið notuð skv. almennri málvenju, ef höfundurinn hefði viljað ræða um lögmannskaupið og að auki þann kostnað, sem stefnandi lagði út fyrir Ágúst. Þegar af þessari ástæðu getur það ekki haft áhrif á úrslit málsins, hver heildarkostnaður Ágústs af málarekstrinum var.

Áður er það rakið, sem fram er komið um viðskipti frú Karólínu Guðlaugsdóttur og stefnanda. Það er tekið fram í greininni í Frjálsri þjóð 7. september 1963, að þar séu þessi viðskipti rifjuð upp til frekari skýringar á því, sem áður segir um lögfræðinga almennt og Magnús Thorlacius sérstaklega. Byggir greinarhöfundur bersýnilega á því, að það sé dæmi um þá spillingu, sem hann hefur áður talið sig geta skýrt frá, að stefnandi skyldi setja upp „mörg hundruð þúsundir króna“ fyrir „sitt“ starf „í því máli“. Þá eru viðhöfð ummæli, sem í felst, að hér hafi stefnandi gerzt sekur um refsivert athæfi. Frásögnin af viðskiptum frú Karólínu Guðlaugsdóttur og stefnanda er ónákvæm og einhliða, og ekkert er fram komið til réttlætningar ummælunum um refsiverða háttsemi. Þegar ummælin í málgreininni eru lesin í samhengi við blaðgreinina að öðru leyti, felst í þeim aðdrótt-

un í garð stefnanda, refsiverð skv. 235. grein almennra hegningarlaga.

Stefnandi hefur krafizt þess, að ómerkt verði orðin: „En hann höfðaði ekki sakamál gegn „kollega“ sínum. Nei, hann rak málið fyrir stjórn lögmannafélagsins“. Ummæli aftur að „... hann rak málið ...“ eru óviðurkvæmleg, og ber að ómerkja þau eftir 241. grein almennra hegningarlaga. Þá er það móðgun, refsiverð skv. 234. grein laganna, er ritað er um „starf“ stefnanda innan tilvitnunarmerkja.

Ekkert er fram komið, er sýni, að stefndi hafi mátt ætla, að ummæli þau, sem talin hafa verið refsiverð hér að framan, yrðu sönnuð. Hann hefur sjálfur skýrt svo frá, að heimildir hafi verið kæra Ágústs Sigurðssonar, er birt var í Frjálsri þjóð 31. ágúst 1963, svo og fyrri ummæli blaðsins og upplýsingar nafngreinds manns um dóm Hæstaréttar um viðskipti stefnanda og frú Karólínu Jósefsson. Dómurinn réttlætir ekki þau ummæli, sem viðhöfð eru í margnefndri blaðagrein um þau viðskipti. Engar réttarheimildir styðja þá málásástæðu stefnda, að réttir aðiljar þurfi ekki að bera ábyrgð á ummælum, sem byggð eru á heimildum slíkum sem þeim, er hann hefur að öðru leyti tilgreint.

Stefnandi hefur krafizt þess, að margumrædd blaðagrein ásamt fyrirsögn verði í heild dæmd dauð og ómerk. Þá hefur hann til vara krafizt ómerkingar tiltekinna ummæla í greininni, annarra en rætt hefur verið um hér að framan, og eru þessi ummæli tilgreind áður. Fleiri ummæli en þau, sem rætt hefur verið um, varða að vísu lögfræðingastéttina, sem stefnandi er tekinn sem fulltrúi fyrir. Þó þykja þau vera svo almenns eðlis, að stefnandi geti ekki krafizt ómerkingar þeirra og þá ekki heldur greinarinnar í heild.

Þess er áður getið, að refsivert atferli hefur verið framið með því að birta tiltekin ummæli á áðurnefndri grein. Önnur ummæli í greininni eða birting hennar sem heildar þykja ekki varða refsingu í máli þessu.

Hinn 7. september 1963 var stefndi ábyrgðarmaður Frjálsrar þjóðar. Ber hann því refsíábyrgð á þeim ummælum, sem refsiverð teljast, skv. 16. grein laga um prentrétt nr. 57/1956. Stefndi hefur ekki áður sætt refsingu. Þykir hæfilegt að gera honum að greiða kr. 2.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests.

Ummælin um stefnanda, sem áður eru rakin, fjalla um, hvernig hann hafi rækt starf það, sem hann hefur að atvinnu. Eru þau

fallin til að valda honum fjártjóni, hneisu og óþægindum. Ber að dæma stefnda til að gjalda honum fébætur skv. 264. grein almennra hegningarlaga, sbr. 16. grein laga um prentrétt. Bæturnar þykja hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00. Taka ber til greina kröfu stefnanda um 7% vexti p. a. frá 7. september 1963 til greiðsludags. Ber stefnda að greiða vextina af fyrrgreindri fjárhæð.

Eftir kröfu stefnanda er rétt að ákveða með heimild í 1. málsgrein 22. greinar laga um prentrétt, að a. m. k. síðasti kafli dóms þessa skuli birtur í blaðinu Frjálsri Þjóð, þ. e. sá hluti dómsins, sem nefnist „Niðurstöður“, svo og dómsorðið. Fer um birtinguna eftir lagagreininni, og eru ekki efni til að kveða á um dagsektir í því sambandi, sbr. 4. málsgrein greinarinnar.

Báðir aðiljar hafa viðhaft allstór orð við rekstur málsins, en ekki þykja efni til, að þeir sæti viðurlögum af þeim sökum.

Rétt er, að stefndi greiði stefnanda kr. 3.000.00 í málskostnað. Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk.

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, greiði 2.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs. Varðhald í 6 daga komi í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan aðfararfrests.

Stefndi greiði stefnanda, Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, kr. 10.000.00 í fébætur ásamt 7% vöxtum p. a. af þeirri fjárhæð frá 7. september 1963 til greiðsludags svo og kr. 3.000.00 í málskostnað.

Skýlt er að birta í blaðinu Frjálsri Þjóð áður nefndan hluta dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.